



Hvernig geta foreldrar fylgst með námsframvindu nemenda í Réttarholtsskóla

Til að halda góðri yfirsýn yfir námið er foreldrum og nemendum bent á tvennt:

- 1) Að þekkja kennsluáætlanir sem kennarar birta á vef skólans og dreifa til nemenda.
- 2) Skrá sig mjög reglulega inn á Mentor.is. Þar birtast allar nánari upplýsingar um viðfangsefni líðandi stundar og námsmat nemenda.

Hæfnilýsingar fylgja verkefnum nemenda. Sjá dæmi:

- *Nemandi getur valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og nefnt kosti mismunandi efna (hönnun og smíði)*
- *Útskýrt mismunandi hugmyndir um gerð og framkvæmd lýðræðis (samfélagsfræði)*

Hæfnilýsingar má ávallt finna í kennsluáætlunum og yfirleitt í einstökum verkefnum eða prófum. Í námi sínu stefnir nemandi á að ná hæfninni sem lýst er. Til að styðja nemandann gefa kennararnir honum markvissa endurgjöf með kvarðanum hér til hægri. Þegar nemandi nær þeirri hæfni sem stefnt er að fær hann vitnisburðinn *Hæfni náð* ✓. Í sumum tilfellum er mögulegt að hæfni nemandans fari fram úr hæfnilýsingum, verði *Framúrskarandi* ★. Tengsl endurgjafarinnar við kvarða fyrir lokaeinkunnir í 10. bekk (A,B,C,D) verða útskýrð á öðrum stað.

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið Parfnast þjálfunar
	Hæfni ekki náð

Hér að neðan má lesa stuttan leiðarvísi um námsmat á Mentor.is og myndir af þeim „Flísun“ sem gott er að skoða reglulega.

<p>Námslotur Námslotur eða „Lotur“ gefa heildaryfirsýn yfir ákveðinn þátt náms eða viðfangsefni námsgreinar á tilteknu tímabili. Þar má gjarnan finna sömu upplýsingar og í hefðbundnum kennsluáætlunum, m.a. um námsefni, verkefni og þá hæfni sem nemandanum er ætlað að ná. Ásamt upplýsingum sem geta nýst nemandanum við nám sitt.</p>	<p> Námslotur</p> <p>15 Lotur</p>	<p>Vikuáætlun Vikuáætlun er í raun gamla heimavinnuáætlunin sem lengi hefur verið inni á Mentor.is. Vikuáætlunin er laustengd við ýmsa þætti námsmatsins. Fjöldinn (10) vísar á færslur kennara.</p>	<p> Vikuáætlun</p> <p>10 Í þessari viku</p>
<p>Verkefni Yfirlit yfir formleg verkefni sem nemandi er að vinna að eða próf sem lögð eru fyrir. Nemendur geta sjálfir merkt við þau verkefni sem þeir hafa lokið.</p>	<p> Verkefni</p> <p>11 Ólokið</p>	<p>Námsmat Hér birtist endurgjöf kennara á hæfni nemenda. Hæfnin er metin í gegnum formleg verkefni, próf eða aðrar athuganir kennara. Með því að nýta endurgjöfina getur nemandinn bætt hæfni sína. Hér má sjá hæfnikort nemenda í hverri grein ásamt verkefnum sem hafa verið lögð fyrir og hvort þeim sé lokið/ólokið</p>	<p> Námsmat</p> <p>Nýtt námsmat</p>

